

## Samningur um rannsóknarstofu í

### fæðinga-, kvenna-, barna- og fjölskyldufræðum við Landspítala og Háskóla Íslands

1. gr.

*Almennt.*

Samningur þessi er gerður með tilvísun til samstarfssamnings Háskóla Íslands (HÍ) og Landspítala frá 13. desember 2018.

Rannsóknarstofan er miðstöð rannsókna í fæðinga-, kvenna-, barna- og fjölskyldufræðum. Rannsakendur geta unnið að verkefnum sínum innan rannsóknarstofunnar, meðal annars í samvinnu við aðrar vísindagreinar, svo fremi sem viðfangsefnin lúti að ofangreindum fögum.

2. gr.

*Hlutverk.*

Hlutverk rannsóknarstofunnar er einkum:

- a. Að vera miðstöð rannsókna og skapa samfélag fyrir rannsakendur í fæðinga-, kvenna-, barna- og fjölskyldufræðum. Rannsóknirnar geta tekið til heilbrigðis-, félags- og fjárhagslegra þátta, auk annarra þátta er tengjast lífsgæðum.
- b. Að stuðla að þverfaglegri samvinnu fræðimanna Landspítala og Háskóla Íslands sem eiga það sammerkt að vinna að rannsóknum í fæðinga-, kvenna-, barna- og fjölskyldufræðum.
- c. Að ákveða í samráði við stjórn rannsóknasjóðs í fæðinga-, kvenna-, barna- og fjölskyldufræðum vísindastyrki á Landspítala.
- d. Að skapa vettvang fyrir háskólanema t.d. bakkalár-, meistara- og doktorsnema í þessum fræðigreinum og veita þeim aðstöðu til rannsóknastarfa og tækifæri til að þjálfa vísindaleg vinnubrögð.
- e. Að efla gagnkvæm tengsl rannsókna og kennslu á háskólastigi við þjónustu spítalans við skjólstæðinga í kvenna- og barnaþjónustu.
- f. Að efla og styðja við klínískar rannsóknir og grunnrannsóknir.
- g. Að veita þjónustu og aðstoð við rannsakendur.
- h. Að hafa samvinnu við aðrar rannsóknarstofur, fagráð, fagdeildir, félög, stofnanir, einstaklinga og opinbera aðila sem starfa á þessu sviði.
- i. Að stuðla að samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknaraðila.
- j. Að hafa umsjón með reglulegum kynningum á verkefnum rannsóknarstofunnar á fræðslufundum og rannsóknarráðstefnum, meðal annars á árlegri ráðstefnu kvenna- og barnaþjónustu.

3. gr.

*Staða í skipuriti Landspítala.*

Rannsóknarstofan tilheyrir kvenna- og barnaþjónustu á aðgerðasviði Landspítala og nýtur aðstoðar og samvinnu við vísinda- og menntadeild Landspítala, klínískt rannsóknarsetur Landspítala og er hluti af Heilbrigðisvísinda- stofnun Háskóla Íslands.

4. gr.

*Framlag Landspítala.*

Landspítali lætur rannsóknarstofunni í té starfsaðstöðu, svo sem húsnæði, húsgögn og tölvubúnað.

P. W. J. B.  
TAB  
16

5. gr.

*Framlag Háskóla Íslands.*

Framlag Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands felst í faglegri aðstoð við rannsakendur í fæðinga-, kvenna-, barna- og fjölskyldufræðum, þar á meðal leiðbeiningar við

- a. hönnun og uppsetningu rannsókna,
- b. gerð styrkumsókna,
- c. gerð umsókna um leyfi fyrir rannsóknum,
- d. úrvinnslu gagna, þar á meðal tölfræðiúrvinnslu.

6. gr.

*Stjórn.*

Stjórn rannsóknarstofunnar er skipuð sjö fulltrúum, til þriggja ára í senn. Forstöðumaður kvenna- og barnaþjónustu, innan aðgerðasviðs Landspítala, skipar fjóra fulltrúa, þar á meðal formann stjórnar. Forseti Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands skipar þrjá fulltrúa. Fulltrúar í stjórn skipta með sér verkum og sjá til þess að fundargerð sé rituð. Stjórnin skilar árlegri skýrslu til forstöðumanns kvenna- og barnaþjónustu Landspítala og forseta Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands.

7. gr.

*Stjórnarfundir.*

Stjórnin fundar a.m.k. tvisvar á ári og oftari ef þörf krefur. Fundarboði fylgir dagskrá fundarins. Formaður stjórnar boðar stjórnarfundir með að lágmarki sjö daga fyrirvara.

8. gr.

*Verkefni stjórnar.*

Stjórnin tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir fyrir rannsóknarstofuna og setur henni starfsreglur. Stjórnin sker úr í vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða innri starfsemi rannsóknarstofunnar.

9. gr.

*Ráðning starfsmanna.*

Heimilt er að ráða einstaklinga í tímabundin verkefni fyrir rannsóknarstofuna, en þá þarf fé að fylgja viðkomandi rannsóknarverkefnum.

10. gr.

*Fjármál.*

Rekstur rannsóknarstofunnar er á ábyrgð kvenna- og barnaþjónustu innan aðgerðasviðs Landspítala, sem leggur til aðstöðu fyrir daglegan rekstur. Viðbótarkostnaður sem til fellur vegna einstakra verkefna skal borinn af viðkomandi verkefni.

11. gr.

*Árangursmat.*

Rannsóknir munu koma fram í yfirliti yfir starfsemi rannsóknarstofunnar, en hver rannsókn er sjálfstæð og er á ábyrgð viðkomandi rannsakenda. Árangursmat rannsóknarstofunnar byggist á birtingu ritrýndra greina, bókarkafla, bóka, útdráttá og fluttum fyrirlesturum í kjölfar rannsókna sem tengjast rannsóknarstofunni. Einnig er lagt mat á

*P. M. S.*  
*16 TAB*

árangur með fjölda nemaverkefna, fjölda fenginna styrkja og fjölda sem lýkur háskólanámi s.s. bakkalár-, meistara- og doktorsnámi.


12. gr.

*Gildistími, ágreiningur, uppsögn.*

Samningur þessi öðlast gildi þegar forstöðumaður kvenna- og barnþjónustu, framkvæmdastjóri aðgerðasviðs, forstjóri Landspítala, forseti Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands og rektor Háskóla Íslands hafa undirritað hann og gildir frá undirskriftardegi. Samningurinn er endurskoðaður á fimm ára fresti. Hvor aðili um sig getur með þriggja mánaða fyrirvara farið fram á að einstök ákvæði hans skuli endurskoðuð. Skal þá leggja fram skriflega beiðni um endurskoðun þar sem tiltekið er það/þau ákvæði hans sem óskað er endurskoðunar á og rök fyrir endurskoðun. Breytist aðstæður annars hvors aðila vegna lagasetningar, breytinga á gildandi reglum eða verulegrar skerðingar á fjármögnun þeirra skal samningurinn endurskoðaður í heild. Breytingar á samningi þessum taka ekki gildi nema þær séu undirritaðar sameiginlega af framkvæmdastjóra aðgerðasviðs, forstöðumanni kvenna- og barnþjónustu og forseta Heilbrigðisvísindasviðs HÍ.

Hvor aðili um sig getur á gildistíma samnings þessa sagt honum upp með eins árs fyrirvara. Endurskoðun samningsins hefst ári fyrir lok gildistíma hans. Komi upp ágreiningur um túlkun eða framkvæmd samnings þessa eða einstakra liða hans skal þeim ágreiningi vísað til umfjöllunar framkvæmdastjóra aðgerðasviðs, forstöðumanns kvenna- og barnþjónustu og forseta Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands. Náist ekki samkomulag um ágreininginn skal mál vegna samnings þessa eða framkvæmd á honum rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, 18. 5. 2021




Hlíf Steingrimsdóttir

Framkvæmdastjóri aðgerðasviðs á Landspítala



Linda Kristmundsdóttir

Forstöðumaður kvenna- og barnþjónustu,  
aðgerðasviði Landspítala




Inga Þórsdóttir

Forseti Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands



Páll Matthíasson

Forstjóri Landspítala



Jón Atli Benediktsson

Rektor Háskóla Íslands